

Tjáningarfrelsið og kjarnorkuváin Scott Ritter meinað að ferðast til Rússlands

Úkraínsk stjórnvöld skilgreina bandaríska vopnaeftirlitsmanninn, Scott Ritter, sem „upplýsingahryðjuverkamann.“ Því skal hann tekinn úr umferð, jafnvel drepinn. Hann er á svarta lista þeirra með velþóknun yfirvalda í Bandaríkjunum. Scott hefur gagnrýnt utanríkismálastefnu Bandaríkjanna.

Á John F. Kennedy flugvelli var hann gripinn glóðvolgur á leiðinni til Sankti Pétursborgar. Hann var sviptur vegabréfi sínu, án skýringa.

Í umræðuþætti Andrew Napolitano, sem reyndar var einnig á leið til sama staðar, er um atvikið fjallað og sömuleiðis um yfirvofandi kjarnorkustríð. Hvernig munu Rússar svara frekari eldflaugaárásum Vesturveldanna inn í Rússland? Skoðanir Scott og Gilbert Doctorow í þessu sambandi eru afar áhugaverðar.

Rússnesk yfirvöld hafa þrúfaldlega varað við þessari þróun og leggja áherslu á að beitt verði skammdrægum kjarnorkuvopnum. Scott gerir sér í hugarlund, að Natólönd verði skotmörk, Gilbert ímyndar sér hins vegar, að Kænugarður verði fyrsta skotmark. Reynslan mun skera úr um það. Vesturlönd eru í raun varnarlaus, sökum yfirburða Rússa á vopnasviðinu.

Samtímis heyja bandarísk yfirvöld stríð gegn eigin þegum til að svipta þá lýðréttindum eins og tjáningarfrelsi og ferðafrelsi í nafni lýðræðis, frelsis og þjóðaröryggis. Sömu þróunar gætir víðar eins og t.d. í Kanada. Justin Trudeau sendi fanta sína til að þakka niður í „Rússafræðingnum,“ Patrick Armstrong. Hann gagnrýnir stefnu Kanadastjórnar og Vesturlanda. Hann kallar Nató „pappírskisu.“

<https://gilbertdoctorow.com/2024/06/04/10461/>

<https://www.globalpolitics.se/har-usa-blivit-en-polisstat/>

<https://www.unz.com/mwhitney/every-escalation-brings-washington-closer-to-defeat-in-ukraine/>

<https://www.globalresearch.ca/russia-victory-ukraine-near/5859083>

<https://www.youtube.com/watch?v=OPGxPvK0Bw4>

<https://patrickarmstrong.ca/author/gparmru/>

<https://patrickarmstrong.ca/2021/12/16/csis-comes-to-call/>

<https://patrickarmstrong.ca/2021/12/16/csis-comes-to-call/>

https://denniskucinich.substack.com/p/us-targets-journalists-who-criticize?utm_source=post-email-title&publication_id=1441588&post_id=145302471&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

<https://gilbertdoctorow.com/2024/06/04/freedom-of-speech-in-the-u-s-a-think-again/>